

**Skipulagsstofnun
Laugarvegi 166
105 Reykjavík**

Reykjavík, 2. desember 2015.

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu um eldi á allt að 19.000 tonnum af laxi og regnbogasilungi í Patreksfirði og Tálknafirði.

Landssamband veiðifélaga gerir með bréfi þessu alvarlegar athugasemdir við frummatsskýrsluna og gerir þá kröfu, að frummatsskýrslunni verði hafnað vegna fjölmargra annmarka sem á henni eru, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

1. Á blaðsíðu 68 kemur fram eftirfarandi fullyrðing;“ Í Noregi eru taldar líkur á að smit berist frá eldisfiski í villta laxfiska en um þetta ríkir mikil óvissa og þörf fyrir meiri þekkingu. 1. Á Íslandi er staðan í heilbrigðismálum í fiskeldi mun betri en í Noregi og líkur á að smit berist í villta fiska frá eldisfiski er taldar hverfandi“.
Umrædd fullyrðing er röng en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á sýkingar í villtum laxastofnum eiga uppruna sinn frá eldisfiski sem hefur sloppið úr eldi og gengið upp í ár. 1, 2

Varðandi seinni fullyrðinguna þá má leiða að því gild rök að einmitt tillagan um aukið eldi muni hafa aukna sjúkdóma í för með sér. Reynslan sýnir frá Chile, Færeyjum eða Noregi að eldi af þessari stærð hefur í för með sér margföldun á hættu á fisksjúkdómum. Gott sjúkdómaástand er því að miklu því að þakka að á Íslandi er lítið eldi. Verði áform þau sem kynnt eru í skýrslunni að veruleika munu líkur á smiti villtra fiskistofna margfaldast frá því sem er í dag.

2. Á blaðsíðu 68 er eftirfarandi málsgrein; „Stærð villtra laxfiskastofna er talin fremur lítil í Patreks- og Tálknafirði, þó ekki liggi fyrir veiðitölur eða rannsóknir á stærð stofna til að staðfesta það. Komi til þess að villtur fiskur sýkist af völdum smits frá eldisfiski eru slík áhrif talin afturkræf. Vægi slíkra áhrifa eru óveruleg vegna þess að búsvæði villtra laxfiska eru fjarri eldissvæðum og stærð villtra laxfiskastofna talin lítil í fjörðunum“.

Meðfylgjandi er minnisblað frá Veiðimálastofnun, ásamt fyrirlestri 2. nóv. 2015, sem sýnir útbreiðslu seiða laxfiska í ám á svæðinu. En niðurstöður benda á að verulega útbreiðslu laxa í ám eins og í Staðará í Súgandafirði, Sandsá við Önundarfjörð (á

Ingjaldssandi), Sunddalsá í Trostansfirði og Dufansdalsá við Bíldudal. Þá kemur fram í minnisblaðinu að Vestfirðir séu eitt helsta útbreiðslusvæði sjóbleikju en að þeir stofnar séu í lægð. Ljóst er að enginn af þeim stofnum sem eru á þessu svæði þolir það sjúkdómaálag sem eldi þessu fylgir einfaldlega vegna þess hversu þeir eru smáir. Þannig er það ekki rök fyrir auknu eldi að villtir stofnar séu litlir heldur mun frekar ástæða til þess að fara varlega. Eðlilegt er að villtir stofnar laxfiska njóti þeirrar varúðarreglu sem lögfest hefur verið í nýjum náttúruverndarlögum. Sé horft til umfangs þess eldis sem fyrirhugað er á Vestfjörðum er ljóst að allar laxveiðiar á Norður- og Vesturlandi verða í verulegu smítalagi. 3

3. Á blaðsíðu 74 er það niðurstaða skýrslunnar að áhrif lúsasmits á villta stofna laxfiska verði óveruleg. Samkvæmt minnisblaði Veiðimálastofnunar eru stofnar laxfiska í öllum ám á svæðinu. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt verulega neikvæð áhrif lúsasmits á villta laxfiska. Sérstaklega á sjóbirting og bleikju og hefur verið sýnt fram á allt að 70% afföll á ákveðnum svæðum í Noregi. Ólíklegt er að bleikjustofnar á svæðinu sem eru í lægð þoli álag sem þetta. Þá er eðlilegt að dregin sé upp mynd af útbreiðslu mögulegs lúsasmits en lúsalirfur geta borist tugi kílómetra frá smitstað og því lengra sem sjórinn er kaldari. Það er því af og frá að lítil hætta sé á að villtir laxfiskar skaðist og greining skýrslunnar er ófullnægjandi. 4

4. Á blaðsíðu 77 er eftirfarandi fullyrðing; „Eldissvæðin í Patreksfirði og Tálknafirði eru í 100 km fjarlægð frá næstu ám með villta laxastofna í Ísafjarðardjúpi og Snæfellsnesi“. Samkvæmt minnisblaði Veiðimálastofnunar er þessi fullyrðing einfaldlega röng þar sem smærri ár á svæðinu hafa litla laxastofna.

Talsverð reynsla er auðvitað af því að eldisfiskur sleppur úr eldi. Vert er að nefna að Fjarðarlax hf tilkynnti um 200 laxa slysasleppingu í Patreksfirði haustið 2013. Ljóst er að fiskur sleppur úr sjókvíum en nýleg dæmi í Patreksfirði sýnir það. Norskar rannsóknir sýna að aðeins hluti strokulaxa leitar aftur á eldisstað, og mikið af honum leitar í veiðiár.

Rétt er að benda á eftirfarandi samantekt vegna slysasleppingar í Patreksfirði sem tekin er af vef Veiðimálastofnunar;

„Um miðjan júlí bárust Veiðimálastofnun 20 laxar úr veiði í Patreksfirði til upprunagreiningar og til greiningar á kynþroska. **Rannsókn á erfðasamsetningu og útliti laxanna** staðfesti eldisuppruna fiskanna. Stærð kynkirtla benti til að hluti þeirra stefndi á hrygningu í haust, mögulega allir. Í lok ágúst bárust Veiðimálastofnun **45 laxar til rannsókna** úr veiði í Patreksfirði. Ekki þótti ástæða til að erfðagreina laxana þar sem 43 þeirra báru greinileg eldiseinkenni. Stærð kynkirtla benti til að allir stefndu þeir á hrygningu í haust. Holdastuðull fiskanna var hærri í ágúst en í júlí, öfugt við það sem búast hefði mátt við þar sem laxinn var í litlu eða engu æti þegar hann var veiddur. Ekki er hægt að útiloka að laxarnir hafi komið úr mismunandi sleppingum. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að eldislaxar með verra holdafar leiti fyrr upp í ár.

Reynsla Norðmanna og Skota af sjókvíaeldi á laxi sýnir að lax sleppur úr kvíum og eldislax blandast villtum laxastofnum. Nú hefur kynþroska norskur eldislax sloppið úr eldi á Íslandi. Stefnit er að auknu laxeldi og því má gera ráð fyrir að slíkir atburðir endurtaki sig og verði tíðari.

Eldislaxinn sem veiddist í Patreksfirði var með áberandi ytri einkenni enda slapp hann sem fullorðinn lax. Hins vegar getur unglax sem sleppur úr sjókví verið án ytri einkenna er hann leitar úr hafi í ár til að hrygna. Slíkur einkennalaus lax er stór hluti þess eldislax sem gengur í ár í Noregi og getur hann leitað í ár í mikilli fjarlægð frá eldisstöð.

Vert er að nefna að Fjarðarlax hf tilkynnti um 200 laxa slyssleppingu haustið 2013 en þrátt fyrir það veiddust yfir 300 laxar af eldisuppruna í Patreksfirði árið 2014. Styður þessi reynsla því ekki þá fullyrðingu að stór hluti laxa sem sleppi hafi litlar lífslíkur og drepist. Ennfremur er rétt að álykta sem svo að allar líkur eru á að þeir laxastofnar sem eru á svæðinu muni þurrkast út og eftir standi eingöngu fiskur að norskum eldisuppruna. Þá er vert að nefna það að regnbogi veiddist víða um land sl. sumar m.a. í ám á Snæfellsnesi, í Fljótaá og í Eyjafjarðará.

5. Á blaðsíðu 79 er eftirfarandi fullyrðing; „Þrátt fyrir 35-40 ára umfangsmikið laxeldi á mörgum svæðum í Noregi er óvissa hver áhrifin eldis eru á villta laxinn. Vitað er að í einstaka ám hafa komið fram erfðabreytingar á genamenginu en óvíst er um langtímaáhrifin.“

Nýjar rannsóknir hafa sýnt að erfðablöndun rýrir mjög hæfni laxastofna til að þrífast í villtri náttúru. Um þetta vitna fjölmargar greinar og rannsóknir. Það sem mest er um vert að slíkar breytingar fari þær yfir ákveðið mark eru ekki endurkræfar þ.e. erfðaefni sem glatast er ekki endurkræft. 5, 6

6. Niðurstaða skýrslunnar varðandi áhrif eldisins á villta laxa er að mati Landssambands veiðifélaga röng hvað varðar áhrif erfðablöndunar. Það er ekki vikið að því að erfðablöndun norskra eldisstofna er enn alvarlegri á Íslandi þar sem eldisstofninn er ekki upphaflega íslenskur stofn.

Þá er ekki tekið tillit til þessa að sammögnunar áhrif allra áforma sem eru um eldi lax fiska á Vestfjörðum eru veruleg. Setja þarf út að lágmarki 14 milljónir seiða til að framleiða það magn sem áformað er. Gætu þá verið yfir þrjátíu milljónir laxa af norskum eldisstofni á Vestfjörðum. Ef 1 % af útsettum seiðum sleppur ár hvert myndu 140.000 laxar sleppa á hverju ári.

Samkvæmt tölum hjá Veiðimálastofnun er meðalveiði á stöng og í net um 40.000 villtir laxar á ári hverju að frádreginni veiði í hafbeitarám. Með því að gefa sér 60% veiðihlutfall má álykta sem svo að heildar hrygningarstofn villtra laxa á Íslandi sé að meðaltali í kringum 26.000 laxar. Í mörgum ám eru því hrygningarstofninn einungis tugir til nokkur hundruð fiska.

Rétt er að setja þessa stærð á hrygningarstofni villtra laxa upp á 26.000 fiska í samhengi við 140.000 fiska sem myndu sleppa á Vestfjörðum af laxi af norskum eldisuppruna. Benda má á að hæglega er hægt að nálgast tölur um hversu hátt hlutfall sleppur á hverju ári í eldi erlendis. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til fyrirætlanna um stóraukið laxeldi á Austfjörðum.

7. Á blaðsíðu 126 er það niðurstaða skýrslunnar að áhrif framkvæmdarinnar á villta laxastofna sé óverulegt. Landssamband veiðifélaga telur að niðurstaðan sé röng og áformin séu skýr ógn við villta laxastofna á Norður- og Vesturlandi. Jafnframt muni staðbundnir stofnar laxfiska ekki þola framkvæmdina.

Vekur furðu að skýrsluhöfundum virðist ekki vera kunnugt um fjölda rannsókna sem sýna fram á skaðleg áhrif stóreldis á laxi á villta laxastofna.

Landssamband veiðifélaga gerir kröfu um að frummatsskýrslunni verði hafnað vegna margvíslegra annmarka sem á henni eru. Vísast þar einkum til ákvæða 2. mgr. 9. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, þar sem mælt er fyrir um að tilgreina skuli í skýrslunni þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir, kunna að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggja til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að getið valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og tillögum um umhverfisvöktun þar sem það á við. Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Þá vísast hér til ákvæða í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000 um synjun matsskýrslu.

Grundvöllur höfnunarkröfunnar eru þær mörgu rangfærslur í skýrslunni, sem sumar hverjar eru upptaldar hér á undan, sem og þeir vankantar að fjalla ekki ýtarlega um fjölmörg þeirra atriða, sem lögskylt er skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 106/2000.

Virðingarfyllst,

fh.

Landssambands veiðifélaga

Jón Helgi Björnsson,

formaður

Heimildir;

1. Potential disease interaction reinforced: double-virusinfected escaped farmed Atlantic salmon, *Salmo salar* L., recaptured in a nearby river

A S Madhun¹, E Karlsbakk¹, C H Isachsen¹, L M Omdal¹, A G Eide Sørvik¹, Ø Skaala¹, B T Barlaup² and K A Glover¹

2. Piscine orthoreovirus in wild Atlantic salmon - with special focus on wild-farmed interaction

Philosophiae Doctor (PhD) Thesis

Åse Helen Garseth

3. Minnisþunktur vegna verkefnis um fiskistofna og næringarástand fallvatna á vestanverðum Vestfjörðum

Sigurður Már Einarsson – 22.09.2015

Jón S. Ólafsson *Ásamt fyrirlestri sömu aðila 2. nóv. 2015 um sama efni.*

4. Salmon lice infection of wild sea trout and Arctic char in marine and freshwaters: the effects of salmon farms

P A Bjørn¹, B Finstad² & R Kristoffersen¹

¹The Norwegian College of Fishery Science, Breivika, N-9037 Tromsø, Norway

²The Norwegian Institute for Nature Research, Tungasletta 2, N-7485 Trondheim, Norway

5. Invading a native population, Lifetime success and interactions of farm salmon

Ian A. Fleming, Kjetil Hindar, Ingrid B. Mjølnerød, Bror Jonsson, Torveig Balstad and Anders Lamberg, *Proc. R. Soc. Lond. B* 2000 267, doi: 10.1098/rspb.2000.1173, published 7 August 2000

6. Fitness reduction and potential extinction of wild populations of Atlantic salmon, *Salmo salar*, as a result of interactions with escaped farm salmon Philip McGinnity, Paulo Prodöhl, Andy Ferguson, Rosaleen Hynes, Niall Ó Maoiléidigh, Natalie Baker, Deirdre Cotter, Brendan O'Hea, Declan Cooke, Ger Rogan, John Taggart and Tom Cross

Proc. R. Soc. Lond. B 2003 270, 2443-2450, doi: 10.1098/rspb.2003.2520